

Þjóðsagnaarfur og menningarlæsi

Lokaskýrsla

Vorið 2018 hlaut verkefni Romínu Werth og Jóns Karls Helgasonar, *Þjóðsagnaarfur og menningarlæsi*, styrk úr Kennslumálasjóði. Romína er doktorsnemi í íslensku og vinnur að lokaritgerð um áhrif þjóðsagna á íslenskar miðaldabókmenntir, undir leiðsögn Aðalheiðar Guðmundsdóttur prófessors. Jón Karl er prófessor í íslensku sem öðru máli og hefur í rannsóknum sínum lagt áherslu á íslenska menningarsögu og framhaldslíf eldri bókmennta í samtímanum.

Verkefnið snerist frá upphafi um að þróa kennsluefni fyrir nemendur námskeiðinu „Íslenskar þjóðsögur og þjóðtrú“ í námsgreininni Íslenska sem annað mál. Afurð verkefnisins er rúmlega 200 síðna kennslubók, *Andlit á glugga*, sem mun vonandi geta nýst fjölbreyttum hópum nemenda á grunnskólastigi, framhaldsskólastigi og háskólastigi, hvort sem þeir hafa íslensku að móðurmáli eða lært það sem annað mál. Í bókinni er fléttað er saman tæplega 60 völdum íslenskum þjóðsögum og ævintýrum frá fyrri öldum og fræðilegri umfjöllun um veruleika og orðaforða íslenska sveitasamfélagsins, þróun þjóðsagna úr munnlegri geymd til bókaútgáfu og hlutverki þjóðsagna í samtímanum.

Lögð er áhersla á aðgengilega framsetningu efnisins, fjallað er sérstaklega um sérhvern sagnaflokk, auk þess sem ítarlegar orðskýringar fylgja hverri sögu, enda er orðaforði íslenskra þjóðsagna og ævintýra svo ólíkur íslensku nútímamáli að það er farið að standa í vegi fyrir eðlilegri útbreiðslu þessa efnis. Engum vafa er undirorpið að íslenskar þjóðsögur er mikilvægur hluti af menningarlegu minni þjóðarinnar, eins og merkja má af ýmsum hversdagslegum orðatiltækjum samtímans (sbr. „verðbólugrýlan“, „bíta úr nálinni“).

Handrit bókarinnar var tilraunakennt tvívegis á árunum 2019 og 2020 og var val á sögum og skýringarefni endurskoðað í lok hverrar kennsluannar. Í ársbyrjun 2020 tókust samningar við Forlagið um útgáfu bókarinnar og var í framhaldi tekið mið af þeirri reynslu sem fengist hafði þar við kennsluútgáfur á verkum Halldórs Kiljans Laxness. Var meðal annars ákveðið að færa stafsetningu og greinarmerkjasetningu sem næst nútímamáli, gera vissar breytingar á uppsetningu textans og hnika til orðalagi á stöku stað til að gera textann læsilegri. Verkefnið fékk á seinni stigum styrki úr Sjóði Áslaugar Hafliðardóttur til eflingar íslenskri tungu og Þróunarsjóði námsgagna, en síðastnefndi styrkurinn gerði Forlaginu kleift að ráða Halldór Baldursson teiknara til að myndskreyta verkið.

Meðfylgjandi er lokahandritið að *Andlit á glugga* (en án mynda). Þessa dagana er verið að brjóta verkið um og er áformað að hún komi út í janúar 2021, þannig að hún verður strax tekin til kennslu í námsgreininni Íslenska sem annað mál á vorönn. Við undirrituð viljum þakka Kennslumálasjóði fyrir dýrmætan stuðning og biðjast velvirðingar á þeim drætti sem orðið hefur á þessari lokaskýrslu vegna verkefnisins.

30. okóber 2020

Virðingarfyllst,

Jón Karl Helgason og Romína Werth